



FRÉTTABRÉF Í NÓVEMBER 2011

Ágæta Suzukifólk, nemendur, foreldrar og kennarar

Íslenska Suzukisambandið (ÍSS) er áhugafélag þeirra sem eiga börn sem stunda hljóðfæranám eftir móðurmálsaðferð Dr. Shinichi Suzuki, Suzukikennara og annara áhugasamra um félagið og uppeldisaðferðina. Hlutverk sambandsins er að halda námskeið fyrir kennara og nemendur á Íslandi og taka þátt í starfi Evrópska Suzukisambandsins (ESA) með því að eiga fulltrúa í stjórn þess sem sækir árlegan aðalfund ESA. Árgjald fyrir fjölskyldur verður óbreytt, kr. 3000. Kennarar greiða kennaragjald, kr. 7000 sem er leyfisgjald kennara til að mega kalla sig Suzukikennara, en það mega þeir einir gera sem lokið hafa réttindanáminu og staðist próf. ÍSS greiðir árlega gjald til ESA, annars vegar landsgjald og hins vegar gjald fyrir hvern Suzukikennara. Þessa dagana er verið að innheimta árgjöldin fyrir skólaárið 2011-12. Sumir skólar innheimta árgjöldin með skólagjöldum en þar sem það er ekki gert birtist greiðsluseðill í heimabanka forráðamanns nú um mánaðarmótin og biðjum við ykkur að bregðast vel við og greiða sem fyrst.

Á DÖFINNI:

Upprifjunardagar verða með svipuðu sniði og áður. Ákveðnar bækur verða spilaðar í gegn á tveimur tímum, með hléi þar sem boðið er upp á hressingu. Upprifjunardagarnir verða haldnir í janúar, febrúar og mars 2012 og nánar auglýstir síðar.

Sumarnámskeið Íslenska Suzukisambandsins verður haldið dagana 22. – 24. júní 2012, nánar auglýst í Janúar 2012

Marapön verður helgina 18. – 19. ágúst 2012 – gott til að komast í gang aftur fyrir veturinn ☺

Kennaranámskeið:

Gítarkennaranámskeið byrjaði síðastliðið sumar og eru 5 kennarar í námi og er áætlað að þeir ljúki 1. stigs prófi næsta sumar. Hægt er að komast í nám hjá gítarkennurunum sem eru að læra – hafið samband við stjórn á netfanginu:

suzukisamband@gmail.com

Víólukennarar voru á námskeiði í ágúst og fiðlu-, selló- og píanókennaranámskeið fara af stað eftir áramót.

Hvað gera árgjöldin?

Þau eru einu tekjur félagsins og eru notuð til að greiða niður kostnað við alla starfsemi sambandsins. Allt starf stjórnar Suzukisambandsins er unnið í sjálfboðavinnu eins og allt starf í Suzukistjórnnum í heiminum. Í stjórn sitja hverju sinni 4 kennarar og 3 foreldrar, hver til 2ja ára í senn.

Fjölskyldur sem greiða árgjöld til Íslenska Suzukisambandsins eru sjálfkrafa í ESA og hafa því rétt til þátttöku á Suzukinámskeiðum um allan heim, auk þeirra námskeiða og annara uppákoma sem við bjóðum upp á hér heima.

Eftir síðasta aðalfund er stjórnin skipuð þannig:

Kennarar: Þórdís Stross, formaður, Guðrún Þórarinsdóttir, ritari, Brynhildur Ásgeirsdóttir og Ásdís Arnardóttir.

Foreldrar: Bryndís Dagsdóttir, gjaldkeri, Brynja Jónsdóttir, Rannveig Guðleifsdóttir.

Aukaverkefni: Sigríður Roloff, umsjón með heimasíðu.

Heimasíða

Okkur langar til að lífga uppá heimasíðu félagsins og auglýsum því sérstaklega eftir foreldrum eða kennurum sem kunnáttu hafa í slíka vinnu og eru tilbúin að hjálpa okkur með það verkefni. Hafið samband við okkur á netfangið: suzukisamband@gmail.com

Með kveðju frá stjórn Íslenska Suzukisambandsins